**148. löggjafarþing 2017–2018.**
**Þingskjal 1111 — 357. mál.**

# Svar

**forsætisráðherra við fyrirspurn frá Birni Leví Gunnarssyni um störf þingmanna á vegum framkvæmdarvaldsins.**

1. *Hvaða þingmenn hafa setið í nefndum, ráðum, framkvæmdahópum eða öðrum hópum á vegum ráðuneytisins ár hvert frá árinu 2006?*

Við leit í málaskrá ráðuneytisins komu fram, samkvæmt bestu yfirsýn, upplýsingar um setu þingmanna í eftirfarandi nefndum, ráðum og starfshópum á tilgreindu tímabili. Yfirlitið er afmarkað við setu þingmanna í nefndum á sama tíma og þeir gegndu þingmennsku. Hugsanleg tímabundin seta þingmanna, vegna forfalla aðalmanna, er ekki tilgreind í öllum tilvikum. Þá er seta ráðherra í ráðherranefndum ekki tilgreind.

Ágúst Ólafur Ágústsson, sat í nefnd um Evrópumál og nefnd um þróun Evrópumála.

Álfheiður Ingadóttir, sat í nefnd um stefnumörkun ríkisins í auðlindamálum og starfshópi vegna ógildingar kosninga til stjórnlagaþings. Þá átti hún sæti í almannavarna- og öryggismálaráði.

Árni Þór Sigurðsson, sat í nefnd um þróun Evrópumála.

Árni Páll Árnason, var varamaður í ráðgjafarnefnd um opinberar eftirlitsreglur.

Ásmundur Einar Daðason, sat í landshlutanefnd fyrir Norðurland vestra, hagræðingarhópi ríkisstjórnarinnar og starfaði með vinnuhópi um eftirlitsstofnanir.

Birgir Ármannsson, sat í stjórnarskrárnefnd árin 2005–2007 og árin 2013–2016, samráðshópi vegna frumvarps um stjórnlagaþing, þjóðaratkvæðagreiðslu og persónukjör og sem varamaður í starfshópi vegna ógildingar kosningar til stjórnlagaþings.

Birgitta Jónsdóttir, sat í starfshópi vegna ógildingar kosninga til stjórnlagaþings.

Birkir Jón Jónsson, sat í nefnd um þróun Evrópumála.

Bjarni Benediktsson, sat í stjórnarskrárnefnd árin 2005–2007 og stjórn Stjórnstöðvar ferðamála.

Björn Bjarnason, sat í nefnd um Evrópumál.

Bryndís Hlöðversdóttir, sat í nefnd um Evrópumál.

Einar K. Guðfinnsson, sat í nefnd um Evrópumál og nefnd um lagalega umgjörð stjórnmálastarfsemi.

Frosti Sigurjónsson, sat í starfshópi um valkosti við brotaforðakerfi.

Geir H. Haarde, sat í stjórnarskrárnefnd árin 2005–2007.

Guðfinna S. Bjarnadóttir, sat í stefnumótunarnefnd um upplýsingasamfélagið.

Guðfríður Lilja Grétarsdóttir, sat í samráðshópi vegna frumvarps til laga um stjórnlagaþing, þjóðaratkvæðagreiðslu og persónukjör.

Guðjón A. Kristjánsson, sat í stjórnarskrárnefnd árin 2005–2007.

Guðlaugur Þór Þórðarson, sat í hagræðingarhópi ríkisstjórnarinnar, nefnd um lagalega umgjörð stjórnmálastarfsemi og á sæti í þjóðaröryggisráði.

Guðmundur Steingrímsson, sat í samráðshópi um vinnumarkaðsmál.

Guðbjartur Hannesson, sat í Vísinda- og tækniráði.

Gunnar Svavarsson, sat í nefnd um lagalega umgjörð stjórnmálastarfsemi.

Gunnar Bragi Sveinsson, sat í stjórn Stjórnstöðvar ferðamála og almannavarna- og öryggismálaráði.
Hanna Birna Kristjánsdóttir, sat í almannavarna- og öryggismálaráði.
Hjálmar Árnason, sat í nefnd um Evrópumál.
Höskuldur Þórhallsson, sat í starfshópi vegna ógildingar kosninga til stjórnlagaþings.
Illugi Gunnarsson, sat í nefnd um þróun Evrópumála og í Vísinda- og tækniráði.
Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, sat í stjórnarskrárnefnd árin 2005–2007.
Jóhanna María Sigmundsdóttir, sat í vinnuhópi um eftirlitsstofnanir.
Jón Bjarnason, sat í Vísinda- og tækniráði.
Jón Gunnarsson, sat í vinnuhópi um eftirlitsstofnanir og í almannavarna- og öryggismálaráði.
Jón Kristjánsson, sat í stjórnarskrárnefnd árin 2005–2007.
Jón Magnússon, sat í nefnd um þróun Evrópumála.
Jónína Bjartmarz, sat í nefnd um Evrópumál og í stjórnarskrárnefnd árin 2005–2007.
Jónína Rós Guðmundsdóttir, sat í samráðshópi um vinnumarkaðsmál.
Katrín Jakobsdóttir, sat í Vísinda- og tækniráði, nefnd um þróun Evrópumála, stjórnarskrárnefnd 2013–2016, stýrihópi 20/20 sóknaráætlunar og þjóðaröryggisráði.
Katrín Júlíusdóttir, sat í Vísinda- og tækniráði, í almannavarna- og öryggismálaráði og stýrihópi 20/20 sóknaráætlunar.
Kolbrún Halldórsdóttir, sat í almannavarna- og öryggismálaráði.
Kristinn H. Gunnarsson, sat í nefnd um þróun Evrópumála og nefnd til undirbúnings hátíðarhalda 17. júní 2011 í tilefni af 200 ára afmæli Jóns Sigurðssonar.
Kristján L. Möller, sat í stýrihópi 20/20 sóknaráætlunar og í almannavarna- og öryggismálaráði.
Kristján Þór Júlíusson, sat í Vísinda- og tækniráði og í almannavarna- og öryggismálaráði.
Lilja Rafney Magnúsdóttir, sat í samráðshópi um vinnumarkaðsmál.
Lúðvík Bergvinsson, sat í nefnd um leigu á vatns- og jarðhitaréttindum í eigu ríkisins.
Oddný G. Harðardóttir, situr í þjóðaröryggisráði.
Ólöf Nordal, sat í stjórn Stjórnstöðvar ferðamála og almannavarna- og öryggismálaráði.
Óttarr Proppé, sat í almannavarna- og öryggismálaráði.
Páll Valur Björnsson, sat í stjórnarskrárnefnd árin 2013–2016.
Pétur H. Blöndal, sat í nefnd um endurskoðun örorkumats og endurhæfingar og starfshópi vegna ógildingar kosninga til stjórnlagaþings.
Ragnheiður E. Árnadóttir, sat í Vísinda- og tækniráði, almannavarna- og öryggismálaráði og stjórn Stjórnstöðvar ferðamála.
Ragnheiður Ríkharðsdóttir, starfaði með samráðshópi um vinnumarkaðsmál.
Róbert Marshall, sat í stjórnarskrárnefnd árin 2013–2016.
Sigríður Á. Andersen, á sæti í almannavarna- og öryggismálaráði og þjóðaröryggisráði.
Sigrún Magnúsdóttir, sat í almannavarna- og öryggismálaráði og í stjórn Stjórnstöðvar ferðamála.
Sigurður Ingi Jóhannsson, sat í almannavarna- og öryggismálaráði.
Silja Dögg Gunnarsdóttir, á sæti í þjóðaröryggisráði.
Skúli Helgason, sat í verkefnastjórn um eflingu græns hagkerfis og starfshópi um menntun og atvinnusköpun ungs fólks, og starfaði með samráðshópi um vinnumarkaðsmál
Steingrímur J. Sigfússon, sat í stjórnarskrárnefnd 2005–2007 og í Vísinda- og tækniráði.
Steinunn Þóra Árnadóttir, sat í samráðshópi vegna frumvarps um stjórnlagaþing, þjóðaratkvæðagreiðslu og persónukjör.

Svandís Svavarsdóttir, sat í almannavarna- og öryggismálaráði, Vísinda- og tækniráði og stýrihópi 20/20 sóknaráætlunar.

Unnur Brá Konráðsdóttir, sat í hagræðingarhópi ríkisstjórnarinnar

Valgerður Bjarnadóttir, sat í stjórnarskrárnefnd árin 2013–2016, samráðshópi vegna frumvarps um stjórnlagaþing, þjóðaratkvæðagreiðslu og persónukjör og starfshópi vegna ógildingar kosninga til stjórnlagaþings.

Valgerður Gunnarsdóttir, sat í starfshópi um aukna möguleika í millilandaflugi og stjórnarskrárnefnd árin 2013–2016.

Vigdís Hauksdóttir, sat í hagræðingarhópi ríkisstjórnarinnar, samráðshópi vegna frumvarps um stjórnlagaþing, þjóðaratkvæðagreiðslu og persónukjör.

Þorgerður K. Gunnarsdóttir, sat í samráðshópi um vinnumarkaðsmál.

Þór Saari, sat í samráðshópi vegna frumvarps til laga um stjórnlagaþing, þjóðaratkvæðagreiðslu og persónukjör.

Ögmundur Jónasson, sat í almannavarna- og öryggismálaráði.

Össur Skarphéðinsson, sat í nefnd um Evrópumál, stjórnarskrárnefnd árin 2005–2007, almannavarna- og öryggismálaráði og Vísinda- og tækniráði.

2. *Hverjar þessara nefnda voru launaðar og hver voru árleg laun hvers þingmanns?*

Eftirfarandi tafla sýnir greiðslur til þingmanna fyrir setu í nefndum.

| Nafn | 2007 | 2008 | 2009 | Nefnd |
|---|---|---|---|---|
| Ágúst Ólafur Ágústsson | | 451.980 | 180.792 | Nefnd um þróun Evrópumála |
| Ágúst Ólafur Ágústsson | 88.980 | | | Nefnd um Evrópumál |
| Árni Páll Árnason | 170.352 | 272.692 | | Ráðgjafanefnd um opinberar eftirlitsreglur |
| Birgir Ármannsson | 59.320 | | | Stjórnarskrárnefnd 2005-2007 |
| Birkir Jón Jónsson | | 301.320 | 120.528 | Nefnd um þróun Evrópumála |
| Bjarni Benediktsson | 59.320 | | | Stjórnarskrárnefnd 2005-2007 |
| Einar Kristinn Guðfinnsson | 46.715 | | | Nefnd um lagalega umgjörð stjórnmálastarfsemi |
| Guðjón Arnar Kristjánsson | 59.320 | | | Stjórnarskrárnefnd 2005-2007 |
| Guðlaugur Þór Þórðarson | 46.715 | | | Nefnd um lagalega umgjörð stjórnmálastarfsemi |
| Hjálmar Waag Árnason | 88.980 | | | Nefnd um Evrópumál |
| Illugi Gunnarsson | | 451.980 | 180.792 | Nefnd um þróun Evrópumála |
| Jón Kristjánsson | 133.470 | | | Stjórnarskrárnefnd 2005-2007 |
| Jón Magnússon | | 301.320 | 120.528 | Nefnd um þróun Evrópumála |
| Katrín Jakobsdóttir | | 301.320 | 66.960 | Nefnd um þróun Evrópumála |
| Kristinn H Gunnarsson | | 20.088 | | Nefnd til undirbúnings hátíðarhalda 17. júní 2011 í tilefni af 200 ára afmæli Jóns Sigurðssonar. |
| Steingrímur J Sigfússon | 59.320 | | | Stjórnarskrárnefnd 2005-2007 |
| Össur Skarphéðinsson | 88.980 | | | Nefnd um Evrópumál |
| Össur Skarphéðinsson | 59.320 | | | Stjórnarskrárnefnd 2005-2007 |

Það athugast að þrátt fyrir að nefnd hafi verið launuð kann að vera að einhverjir nefndarmenn hafi ekki þegið greiðslur fyrir setu í nefndinni. Við vinnslu svarsins var leitað í bókhaldi ráðuneytisins eftir kennitölum þingmanna. Ekki er unnt að útiloka að einstaka þingmenn hafi fengið greiðslur fyrir nefndarsetu í gegnum félög í þeirra eigu. Ráðuneytið metur það hins vegar svo að slíkt sé ólíklegt. Með hliðsjón af því og þeirri umfangsmiklu vinnu sem fullnaðarrannsókn á því myndi útheimta er svarið sett fram með þessum fyrirvara.

3. *Hvað má ætla að þingmenn hafi lagt mikla vinnu í tímum talið í störf fyrir nefndina ár hvert?*

Ekki eru fyrirliggjandi upplýsingar í ráðuneytinu um vinnuframlag umræddra þingmanna í einstökum nefndum á tímabilinu.

4. *Hafa þingmenn fengið laun fyrir aðra vinnu á vegum ráðuneytisins? Ef svo er, fyrir hvað og hvenær?*

Upplýsingar um verktakagreiðslur einstakra þingmanna á tímabilinu er að finna í svari við 6. tölul. fyrirspurnarinnar.

5. *Hafa þingmenn unnið ólaunaða vinnu við verkefni eða nefndastörf á vegum ráðuneytisins frá árinu 2006, og ef svo er, hvaða?*

Störf þingmanna í öðrum nefndum en þeim sem tilgreindar eru í svari við 2. tölul. fyrirspurnarinnar voru ólaunuð. Ekki er hægt að útiloka að þingmenn hafi unnið önnur tilfallandi ólaunuð verkefni fyrir ráðherra eða ráðuneytið á tímabilinu.

6. *Hafa þingmenn fengið laun sem verktakar frá ráðuneytinu frá árinu 2006 og ef svo er, fyrir hvaða verkefni og hver var fjárhæð umbunar fyrir það?*

Illugi Gunnarsson fékk greiddar verktakagreiðslur árið 2006 að fjárhæð 547.200 kr. og 404.819 kr. árið 2007 vegna starfa sinna í nefnd um framkvæmd einkavæðingar.

Unnur Brá Konráðsdóttir fékk greidda verktakagreiðslu árið 2012 að fjárhæð 116.480 kr. vegna starfa sinna í verkefnisstjórn um rammaáætlun.

7. *Hvaða „afurð“ skilaði hver nefnd sem þingmaður átti sæti í af sér í lok starfstíma nefndarinnar og hvert var henni skilað?*

Stýrihópur 20/20 sóknaráætlunar skilaði af sér lokaskýrslu um niðurstöður sóknaráætlunar og stefnumörkunina Ísland 2020 ásamt tillögum.

Landshlutanefnd fyrir Norðurland vestra skilaði af sér skýrslu í október 2014.

Nefnd um stefnumörkun ríkisins í auðlindamálum (auðlindastefnunefnd) skilaði af sér skýrslu í september 2012.

Nefnd um mótun nýrrar stefnu um upplýsingasamfélagið skilaði af sér tillögum að stefnu um upplýsingasamfélagið fyrir árin 2008–2012 (Netríkið Ísland – Stefna ríkisstjórnar Íslands um upplýsingasamfélagið 2008–2012).

Stjórnarskrárnefnd 2005–2007 skilaði af sér áfangaskýrslu um endurskoðun stjórnarskrár lýðveldisins Íslands í febrúar 2007.

Vinnuhópur um eftirlitsstofnanir skilaði af sér áfangaskýrslu í október 2014.

Hagræðingarhópur ríkisstjórnarinnar skilaði af sér tillögum í nóvember 2013.

Starfshópur vegna ógildingar kosninga til stjórnlagaþings skilaði af sér áliti meiri hluta og minni hluta hópsins um viðbrögð við ákvörðun Hæstaréttar Íslands um ógildingu kosninga til stjórnlagaþings, í febrúar 2011.

Nefnd um lagalega umgjörð stjórnmálastarfsemi skilaði af sér skýrslu í nóvember 2006 og drögum að frumvarpi til laga.

Frosti Sigurjónsson, formaður starfshóps um valkosti við brotaforðakerfi, skilaði af sér skýrslunni Monetary Reform – A better monetary system for Iceland, í mars 2015.

Samráðshópur um vinnumarkaðsmál skilaði af sér tillögum samráðshóps um vinnumarkaðsmál í mars 2011.

Samráðshópur vegna frumvarps um stjórnlagaþing, þjóðaratkvæðagreiðslu og persónu-

kjör. Frumvörp unnin í samráði við fulltrúa stjórnmálaflokka í samráðshópnum sem lögð voru fram og samþykkt á Alþingi árið 2010.

Nefnd um þróun Evrópumála skilaði af sér skýrslu í apríl 2009.

Nefnd til undirbúnings hátíðarhalda 17. júní 2011 í tilefni af 200 ára afmæli Jóns Sigurðssonar skilaði af sér skýrslu í desember 2008 um tillögur að viðburðum vegna 200 ára afmælis Jóns Sigurðssonar ásamt kostnaðaráætlun.

Nefnd um Evrópumál skilaði af sér skýrslu í mars árið 2007 um tengsl Íslands og Evrópusambandsins ásamt fylgiskjölum.

Nefnd um leigu á vatns- og jarðhitaréttindum í eigu ríkisins skilaði af sér skýrslu um fyrirkomulag varðandi leigu á vatns- og jarðhitaréttindum í eigu íslenska ríkisins, í mars 2010.

Stjórnarskrárnefnd 2013–2016 skilaði af sér áfangaskýrslu í júní 2014 og drögum að þremur frumvörpum til laga í júlí 2016.

Nefnd um endurskoðun örorkumats og endurhæfingar skilaði af sér skýrslu í mars 2007.

Verkefnastjórn um eflingu græns hagkerfis skilaði af sér skýrslu í janúar 2013 um forgangsröðun verkefna sem miða að því marki að efla grænt hagkerfi á Íslandi.

Starfshópur um menntun og atvinnusköpun ungs fólks skilaði af sér skýrslu sem ber heitið „Allir stundi nám og vinnu við sitt hæfi – tillögur um samþættingu menntunar og atvinnu“ í nóvember 2012.

Starfshópur um aukna möguleika í millilandaflugi skilaði af sér skýrslu í október 2015.

Ráðgjafarnefnd um opinberar eftirlitsreglur. Nefndin veitir ráðuneytum og öðrum stjórnvöldum ráðgjöf við þróun aðferða við mat á eftirlitsreglum og veitir umsagnir um greinargerðir um slíkt mat.

Framangreindar nefndir, ráð og hópar voru skipaðir af forsætisráðherra og forsætisráðuneytinu og var lokaafurðin, í samræmi við það, skilað til ráðherra og ráðuneytis.

*8. Hvaða reglur hefur ráðuneytið sett um setu þingmanna í nefndum á vegum ráðuneytisins?*

Ráðuneytið hefur ekki sett skriflegar reglur um setu þingmanna í nefndum á vegum ráðuneytisins.